

Ed.

501. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 62 30. des. 1939, um tollskrá o. fl.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

1. gr.

Við 1. gr. laganna.

	Tolleining	Vöru- magns- tollur Aurar	Verð- tollur %
1. Á eftir nr. 33 í 50. kafla komi nýr tollskrárliður, svo hljóðandi:			
33 a. — Listmálunarlérefi	1 kg	7	8
2. Nr. 7 í 51. kafla orðist svo:			
7 — Prjónavoð	1 kg	20	20
3. Á eftir nr. 31 í 72. kafla komi nýr tollskrárliður, svo hljóðandi:			
31 a. — Reimhjól	1 kg	2	8
4. Á eftir nr. 58 í 73. kafla komi nýr tollskrárliður, svo hljóðandi:			
58 a. — Duflaljóskei	1 kg	7	8
5. Á eftir nr. 3 í 83. kafla komi nýr tollskrárliður, svo hljóðandi:			
3 a. — Listmálunarpenslar	1 kg	7	8

2. gr.

Aftan við fyrstu málsgrein 3. gr. laganna bætist nýr málslíður, svo hljóðandi:
Ennfremur af trjávið, sem notaður hefir verið í kassa utan um fisk til útflutnings.

3. gr.

Á eftir c-lið 3. greinar laganna bætist nýr liður, er verður d-liður, svo hljóðandi:
Að innheimta aðflutningsgjöld af efni í kassa um fisk til útflutnings sem um almennan trjávið sé að ræða, enda sé kassaefnið ekki unnið meira en það, að það sé sagað niður í hæfilegar lengdir.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.